



Reykjavík 10. janúar 2020.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, þingskjal 598-434.mál. Stjórnartillaga.

Strætó fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar. Í gegnum tíðina hefur samstarf Strætó við stjórnvöld verið mjög gott. Benda má á samning um eflingu almenningsamgangna, sem hefur gegnt lykilhlutverki í því að leiðarkerfi Strætó hefur eflst og aukning innstiga verið svo til samfelld frá upphafi hans. Strætó hefur í gegnum tíðina sent inn umsagnir við stefnur, frumvörp og þingsályktunartillögur og hefur margt verið tekið til greina. Strætó fagnar síðustu aðgerð stjórnvalda um ívilnanir við innflutning hópbifreiða sem munu styrkja orkuskipti í samgögnum. Strætó hefði kosið að uppsetning hleðslustöðva hefði jafnframt verið hluti af þessum ívilnunum og er því beint til stjórnvalda að skoða það mál alvarlega til að flýta enn meir fyrir orkuskiptum. Nú er unnið að uppsetningu á rafrænu greiðslukerfi í vagna og því gríðarlega mikilvægt að hugað sé að því að samhliða verið tekin upp heimild til sekta á þá sem ferðast án greiðslu í almenningsvögnum, sbr. venjan er í flestöllum vestrænum ríkjum. Nánari umsögn um nokkra liði fylgir hér að neðan.

Varðandi grein 4.1:

4.1 Markmið um greiðar samgöngur. Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

4. Heildstætt leiðakerfi almenningsamgangna milli byggða skilgreint með tilliti til samræmdra þjónustuviðmiða og samvirkni leiða. (Ábyrgð: Vegagerðin)

Umsögn:

Stuðningur ríkis ætti að vera í samræmi við mögulega nýtingu almennings og ávinning sem hlýst af aukinni notkun.

Reynsla Strætó er sú að erfitt og flókið getur verið að sæmræma leiðakerfi mismunandi samgöngumáta, svo sem tengingar við ferjusiglingar og flug. Til að svo megi verða þarf að tryggja samráð á milli umsjónaraðila leiðakerfa mismunandi samgöngumáta sem tengja á saman. Einnig þarf að tryggja að ekki séu gerðar breytingar í skyndi á leiðakerfi án samráðs við viðeigandi umsjónaraðila tengdra leiðakerfa. Að auki þarf að tryggja gott aðgengi strætisvagna að höfnum



og flugvöllum þar sem tengja á farþegaflutninga á landi við flug og ferjusiglingar. Tryggja þarf að nægilegt rými sé fyrir strætisvagna við slíka staði. Einnig þarf að tryggja öryggi og gæta þess að umferð eða aðrar hindranir hefti ekki för vagnanna.

6. Unnið að undirbúningi gagnvirkar upplýsingaveitu sem veiti upplýsingar um heildstætt almenningssamgöngukerfi í lofti, á landi og legi. (Ábyrgð: SRN/Vegagerðin)

Umsögn:

Lauslega áætlað eru tæplega 12 milljónir ferða á ári farnar með almenningssamgöngum sem aka undir merkjum Strætó bs., þ.e.a.s. rúmlega 11 milljónir á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 500 þús. ferðir á landsbyggðinni (þar með talið á Austurlandi og innanbæjar á Akureyri og í Reykjanesbæ). Þessar ferðir eru aðgengilegar í leiðavísi á heimasíðu Strætó og í appi. Hægt er að kaupa ferðir í appinu innan höfuðborgarsvæðisins og um allt land (þangað sem ekið er undir merkjum Strætó).

Í skýrslunni “Ferðumst saman” má sjá að ca. 400 þúsund farþegar ferðuðust með flugi innanlands árið 2017 (áætlað úr gröfum á síðu 18 í fyrrnefndri skýrslu). Áætlað era ð farþegar flugrúttunnar hafi verið tæplega 700 þúsund árið 2017 (út frá töflu á síðu 12 í ofangreindri skýrslu). Því er lang stærstur hluti ferða sem er í boði í lofti, á landi og legi nú þegar í leiðavísi Strætó og á bak við hann er áralöng þróun.

Einnig eru almenningssamgöngur sem aka undir hatt Strætó um allt land komnar inn í Google Maps ásamt hluta innanlandsflugsamgangna.

Rökrétt væri að allar almenningssamgöngur, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, væru með einn sameiginlegan leiðavísi og því liggur beinast við að annaðhvort styrkja þá þjónustuveitu sem Strætó er með nú þegar enn frekar þannig að hún innihaldi fleiri ferðamáta eða nýta betur Google Maps til að birta upplýsingar fyrir alla ferðamáta.

Að setja flugsamgöngur undir sama hatt og almenningssamgöngur fylgir vandkvæði þar sem það kemur í veg fyrir að hægt sé að samnefna almenningssamgöngur sem umhverfislega sjálfbærar. Því mælumst við frekar til þess að tala um flugsamgöngur og ríkisstyrktar flugsamgöngur. Að auki væri betra að líta á ferjur sem framlengingu (staðgengil) vegakerfis.

7. Greining á leiðum til þess að tryggja að aðgengi fatlaðs fólks og hreyfihamlaðs að almenningssamgöngum milli byggða verði eins og best verði á kosið. (Ábyrgð: Vegagerðin)

Umsögn:

Til að tryggja aðgengi fatlaðs fólks og hreyfihamlaða að almenningssamgöngum milli byggða þarf að koma til töliverð innviðauppbygging og breyting á vögnum. Núverandi landsbyggðarvagnar henta ekki fyrir fatlað fólk og hreyfihamlaða og víða eru stoppistöðvar ekki



með aðgengi fyrir ofangreinda hópa. Gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði í fjárhagsáætlun til að tryggja aðgengi fyrir þessa hópa.

Varðandi grein 4.2:

4.2 Markmið um öryggi í samgöngum. Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a..:

7. Greindar verði leiðir til þess að auka gæði og öryggi biðstöðva allra samgöngumáta, t.d. með samræmdum hönnunarleiðbeiningum og kröfum. Á helstu skiptistöðvum kerfisins verði aukin þjónustu- og upplýsingagjöf tryggð. (Ábyrgð: Vegagerðin/Isavia)

Umsögn:

Gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði í fjárhagsáætlun til að tryggja aukin gæði og öryggi biðstöðva.

Varðandi grein 4.3:

4.3 Markmið um hagkvæmar samgöngur. Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a..:

7. Greindar verði leiðir til þess að styrkja lagaumhverfi almenningsamgangna svo að það styðji við eflingu þjónustunnar og þróun hennar. (Ábyrgð: SRN)

Umsögn:

Mikilvægt er að koma á ákvæði í lögum þannig að viðurlög séu við því að borga ekki fargjöld í almenningsamgöngur. Einnig vantar skýrari reglur varðandi akstur á forgangsakreinum og strangari og skýrari viðurlög við brot á þeim reglum.

Í dag er ekki leyfilegt að stoppa í hringtorgi. Strætó mælir með því að gerð verði undantekning á þessari reglu fyrir almenningsamgöngur þannig að heimilt sé fyrir strætisvagna að stöðva í hringtorgi með sérstakri undanþágu.

8. Greindar verði leiðir til að auka samkeppnishæfni almenningsamgangna gagnvart ferðum í bíl, þ.m.t. upphæðir fargjalda. (Ábyrgð: Vegagerðin/SRN)

Umsögn:

Mikilvægt er að skoða ferðatíma og tíðni ferða í þessu samhengi. Til að gera almenningsamgöngur að raunhæfari valkosti er mikilvægt að auka tíðni ferða og huga að ferðatíma farþega, svo sem með forgangsakreinum á umferðabúngum götum á höfuðborgarsvæðinu og betri stýringu umferðaljósa. Mikilvægt er að greina hvar þörfin á forgangsakreinum er mest til að auka samkeppnishæfni strætisvagna.



Mikilvægt er að lögð sé áhersla á breyttar ferðavenjur sem eru forsendur fyrir því að umferð einkabílsins minnki. Halda þarf því til hags í Samgönguáætlun að skipulag landnotkunar stuðli að breyttum ferðavenjum.

Varðandi grein 4.4:

4.4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

5. Bættar verði tengingar og flæði bifreiða milli umferðarljósa á álagstímum til þess að draga úr mengun á fjölförnum leiðum. (Ábyrgð: Vegagerðin)

Umsögn:

Mikilvægt er að huga sérstaklega vel að ljósastýringu fyrir strætisvagna.

Virðingafyllt

Jóhannes S. Rúnarsson